

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2023, þriðjudaginn 18. júlí kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1218. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík. Fundinn sátu: Nikulás Úlfar Mátsson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro og Sigrún Reynisdóttir. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Austurfold 4 - USK23060004 Sótt er um leyfi til að setja útidyrhúð og glugga á vesturhlið bílageymslu á hús nr. 4 við Austurfold.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
2. Austurstræti 12A - USK23030004 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi kjallara, síkka gólf um 60 sm og innrétta bar með setsvæði, salernum fyrir gesti og starfsfólk ásamt öðrum stoðrymum, einnig verður kjallarainngangi og gluggafleti 1. hæðar breytt á suðurhlið verslunar- og þjónustuhúss á lóð nr. 12A við Austurstræti. Erindi fylgir skýrsla verkfræðistofunnar Mannvits um hljóðvist dags 14. apríl 2023, ódagsett bréf frá hönnuði, minnisblað verkfræðistofunnar Hnit ehf, dags. 27. mars 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
3. Borgartún 8-16A - USK23050303 Sótt er um leyfi til að innrétta hjólageymslu í sökkulrymi undir syðri niðurkeyrslu í bílakjallara á lóð nr. 8-16A við Borgartún. Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 23. maí 2023.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
4. Dyngjuvegur 18 – USK23070083 Sótt er um að reisa bráðabirgðahúsnæði fyrir leikskóla . Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.
5. Fjallkonuvegur 1 - USK23050055 Sótt er um leyfi fyrir spenn- og rofastöð á lóð nr. 1 við Fjallkonuveg. Gjald kr.14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
6. Flókagata 57 - USK23040124 Sótt er um leyfi til að setja nýjan Velux þaklugga á vestanverðu þaki, færa til inngangshurð á þriðju hæð og víxla eignarhaldi á tveimur geymslum í húsi á lóð nr.57.
Erindi fylgir rafræn undirskrift allra eigenda að Flókagötu 57, dags. 27. mars 2023, samkomulag milli tveggja fasteignareigenda að skiptingu eignarhalds dags. 27. febrúar 2020, minnisblað frá HMS dags. 2. maí 2023 og minnisblað burðarþolshönnuðar dags. 23. júní 2023.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 11 / 2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. Fossagata 11 - BN061838 Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, mhl. 02 og gerð grein fyrir áður gerðum breytingum 1.hæðar og í risi, búa til sameign í kjallara þar sem inntökin eru og þannig minnka eignarhaldi kjallara sem því nemur, ásamt áður gerðum þakgluggum á húsi með mhl. 01 og nýtt sorgerði á lóð nr. 11 við Fossagötu. Stærð: 24.9 ferm., 91.4 rúmm. Samþykki meðeiganda fylgir erindi og útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2022 og 16. febrúar 2023. Gjald kr. 13.200.
Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningu.

8. Frakkastígur 9 - USK23020245 Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi fyrir veitingastað í flokki II, teg. c., veitingastofa og greiðasala, á tveimur hæðum, fyrir allt að 55 gesti í húsi á lóð nr. 9 við Frakkastíg.
Erindi fylgir afrit tölvupósts dags. 6. febrúar 2023, yfirlit breytinga, greinargerð hljóðvistar dags. 7. apríl 2021, mælibleið, greinargerð brunahönnuðar dags. 15. febrúar 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
9. Grensásvegur 1D - USK23050208 Sótt er um leyfi til þess breyta erindi BN059455 þannig að kjallari og 1. hæð er minnkuð, stiga á milli hæða og innra skipulagi breytt, jafnfram eru rýmismúmer og skráningartafla uppfærð fyrir fjölbýlishús nr.1D, mhl.04, á lóð nr. 1 við Grensásveg.
Stærð: 2.472.9 ferm., 7.659.6 rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaltekninga samþykktum 5. október 2021.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
10. Grjótháls 7-11 - USK23050120 Sótt er um leyfi til að reisa dreifistöð raforku, úr forsteyptum einingum á þar til gerðum byggingarreit á bílastæði við norðurmörk lóðar nr. 7-11 við Grjótháls. Stærð: 17.3 ferm., 62.3 rúmm.
Erindi fylgir mælibleið 4.304.0 dags.23. mars 2023 og hæðarbleið frá árinu 1978.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Askilín lokaúttekt byggingarfulltrúa.
11. Haðarstígur 12 - USK23040232 Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti á báðum hliðum, lækka gólf í kjallara, grafa frá húsi og innréttu íbúð í kjallara parhúss nr. 12 á lóð nr. 12-14 við Haðarstíg.
Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða.
Stækkun: xx rúmm.
Eftir stækkun: 126,3 ferm., 371,9 rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
12. Haðarstígur 14 - USK23040233 Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti á báðum hliðum, lækka gólf í kjallara, grafa frá húsi og innréttu íbúð í kjallara parhúss nr. 14 á lóð nr. 12-14 við Haðarstíg.
Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða.
Stækkun: xx rúmm.
Eftir stækkun: 132,2 ferm., 382,8 rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
13. Hjallavegur 23 - USK23010066 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN051778 vegna lokaúttektar þannig að hætt hefur verið við svalir á suðurhlið íbúðarhúss á lóð nr. 23 við Hjallaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaltekningum samþykktum 12. nóvember 2019.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
14. Hjallavegur 52 - USK23040167 Sótt er um leyfi til þess að byggja stakstæða bílgeymslu, mhl.02, með geymslulofti að hluta og tilheyrir íbúð 0101, í tvíbýlishúsi, mhl.01, á lóð nr.52 við Hjallaveg.
Stærð mhl.02: 29.6 ferm., 98.3 rúmm.
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa nr. 50 dags. 30. maí 2023 og teikningaskrá.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
15. Hlaðbær 10 - USK23060002 Sótt er um leyfi til þess að reisa 1.8 metra steinsteyptan stoðvegg á lóðarmörkum að lóð nr. 8 og stækka til vesturs einbýlishúss á lóð nr. 10 við Hlaðbæ.
Stækkun: 55.0 ferm., 211.8 rúmm.
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Vorsabæjar 7 og Hlaðbæjar 8 á teikningu Arkamons nr.

ST-01 dags. 30. maí 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Holtavegur 28 - USK23050083 Sótt er um leyfi til að gera innanhúss breytingar á neðri hæð KFUM og K sem felur í sér að gerðar verða tvær deildir fyrir elstu börnin, auk þess verða klósettjarnar færðir og wc fyrir hreyfihamlaða bætt við.
Gjald kr.14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
17. Holtsgata 23 - USK23050318 Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir á hús nr. 23 við Holtsgötu.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
18. Hraunbær 102B - USK23020164 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi þannig að innréttuð er rakarastofa, í norðvestur horni rýmis 0101 í verslunar- og íbúðarhúsi nr. 102B, mhl.06, á lóð nr. 102 við Hraunbæ.
Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 26. apríl 2023 og yfirlit breytinga á aðalteikningum samþykktum 23. janúar 2018.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
19. Hverfisgata 92 - USK23040193 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052439 v/lokaúttektar þannig að ekki verður sett upp eldvarnartjald vegna opunar milli húsa í bílageymslu á lóð nr. 92 við Hverfisgötu.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa
20. Hólmaslóð 6 - USK23060001 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, setja lyftu og stigahús auk þess að endurnýja glugga og hurðir í útvegg í húsi nr. 6 við Hólmaslóð.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
21. Í byggð SA - USK23060027 Sótt er um leyfi til að gera sjósundsáðstöðu við Geldinganes sem samanstendur af búningsklefa með sturtuaðstöðu í byggð SA.
Gjald kr.14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
22. Í byggð SA - USK23060028 Sótt er um leyfi til að byggja skýli fyrir setbekki og grillaðstöðu í byggð SA.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
23. Krummahólar 6 - USK23060016 Sótt er um leyfi til að leiðrétta skráningu á teikningu af bílastæði 5F í áður samþykktu erindi (A-112 dags,18.07.2008) en stæði verður merkt 3F sem samsvarar þinglýstum eignaskiptasamningi og tilheyrir íbúð 01-03-06 fnr. 204-9479 fyrir hús nr. 6 við Krummahóla.
Gjald kr.14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
24. Krókháls 9 - USK23060184 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN045317, þ.e. stigi og lyfta fjarlægð, uppfærð brunahönnun auk breytinga á innra skipulagi í matshluta nr. 01, í húsi á lóð nr. 9 við Krókháls. Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á aðaluppdráttum erinda BN045318, BN043725 og BN057064. Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 18. janúar 2023.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
25. Lambhagavegur 5 - USK23050057 Sótt er um leyfi fyrir millilofti (geymslulofti) í lagerhúsnæði 01-04 í húsi nr. 5 við Lambhagaveg.
Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Laufbrekka - USK23050222 Sótt er um leyfi til að breyta notkun á núverandi bílageymslu mhl. 02 í íbúð og innra skipulagi verði breytt auk þess að breyta bílskúrshurð í glugga og hurð. Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
27. Laugavegur 168 - USK23060063 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23010019 þannig að bætt er 8. hæð ofaná stigahús á horni Laugavegar og Nóatúns, bætt við lyftu í það stigahús, innra skipulagi breytt sem því nemur og íbúðum fjölgað um þrjár þannig að alls verða 85 íbúðir í fjölbýlishúsi á lóð nr. 168 við Laugaveg.
Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 6. júní 2023 og 12. nóvember 2022 og bréf hönnuðar um breytingar dags. 5. júní 2023.
Stækkun: 444,2 ferm., 1.687,5 rúmm.
Eftir stækkun: 11.541,8 ferm., 38.801,1 rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
28. Lágmúli 5 - USK23040090 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu aðstöðu fyrir heyrnarmælingar og búningaástöðu starfsfólks á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 5 við Lágmúla.
Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir dags. 8. desember 2022, framkvæmdaplan dags. 24. mars 2023, umsögn vinnueftirlitsins dags. 9. febrúar 2023, bréf hönnuðar dags. 15. febrúar 2023 og umsögn HER dags. 22. mars 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
29. Nauthólsvegur 68B - USK23040237 Sótt er um leyfi til að byggja flugskýli, mhl. 07, fyrir tvær þylur og gera tengibygginu á tveimur hæðum, sem tengist núverandi flugskýli og á að hýsa skrifstofur, mótuneyti starfsmanna, búningasklefa og hvíldarrými fyrir stafsólk, á lóð nr. 68B við Nauthólsveg flugvöllur.
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
30. Nauthólsvegur 83 - USK23050191 Sótt er um leyfi til þess að byggja þriggja hæða steinsteypt íbúðarhús ásamt kjallara, með 18 íbúðum, einangrað að utan og klætt sléttri álklæðningu, 87D, mhl.04, á lóð nr. 83 við Nauthólsveg. Stærð: 1.089.3 ferm., 2.591.3 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 1.755.2 dags. 1. september 2022, hæðablað 1.755.2 útgáfa d, dags. 13. ágúst 2018 og hjóðvístarskýrsla verkfræðistofunnar Eflu ehf., dags. 15. maí 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
31. Nauthólsvegur 85 - USK23050023 Sótt er um leyfi til þess að byggja þriggja hæða steinsteypt íbúðarhús ásamt kjallara, með 18 íbúðum, einangrað að utan og klætt sléttri álklæðningu, 85D, mhl.03, á lóð nr. 83 við Nauthólsveg.
Stærð: 1.089.3 ferm., 2.591.3 rúmm.
Erindi fylgir teikningaskrá dags. 8. júní 2023, deiliskipulagsuppráttur dags. 14. október 2022, mæliblað 1.755.2 dags. 1. september 2022, hæðablað 1.755.2 útgáfa d, dags. 13. ágúst 2018 og hjóðvístarskýrsla verkfræðistofunnar Eflu ehf., dags. 27. apríl 2023.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhaf
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
a aðliggjandi lóða. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
32. Norðlingabraut 2 - USK23050317 Sótt er um leyfi til að innréttu veitingastað á fyrstu hæð í rými 0102 sem sérhæfir sig í pizzum í húsi nr. 2 við Norðlingabraut.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Norðlingabraut 7 - USK23050054 Sótt er um leyfi til þess að byggja spenn- og rofastöð á lóð nr. 7 við Norðlingabraut.
Málið var lagt fyrir fund Skipulagsfulltrúa þann 06.07.2023 þar sem tekið var neikvætt í erindið.
Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulaginu á eigin kostnað.
Frestað. Vísað með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.
34. Pósthússtræti 3 - USK23060057 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059551, með síðari breytingum BN061103 og BN061733, þannig að innra skipulagi er breytt til þess að bæta við nýju setsvæði fyrir mathöllina Pósthússtræti 3-5, á 1. hæð í húsi á lóð nr. 3 við Pósthússtræti.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 6. desember 2022.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
35. Rauðarárstígur 27 - USK23030371 Sótt er um breytingu á notkun skrifstofuhúsnæðis á 2-4 hæð yfir í íbúðir(fjölbýli) 1.hæð verður áfram nýtt undir þjónustu og veitingarekstur.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. júlí sl. fylgir með erindi.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. júlí 2023.
36. Rofabær 47 - USK23050220 Sótt er um leyfi til að klæða suðurhlíð og setja létt svalahandrið í stað steyptra á húsum nr. 43, 45 og 47 sem eru mhl. 01,02 og 03 við Rofabæ. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. júlí sl. fylgir erindi.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. júlí 2023.
37. Skipholt 23 - USK23050032 Sótt er um leyfi til að innrétta pílates stúdíó í mhl. 02 á lóð nr. 23 við Skipholt.
Erindi fylgir eldri samþykktar teikningar og lóðauppdráttur 1.250.1 dags. 10. desember 2021.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
38. Skipholt 35 - USK23050322 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN049738 vegna lokúttektar sem felst í að brunahólfun umhverfis hringstiga milli kjallara og 1. hæðar hefur verið staðsett á 1. hæð í rými 0101 í skrifstofuhúsi, mhl.03, á lóð nr. 35 við Skipholt.
Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 26. júní 2023
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
39. Smiðjustígur 13 - USK23010141 Sótt er um leyfi til að rífa bílskúr og byggja tveggja hæða hús í gömum stíl ofan á kjallara sem fyrir er, ásamt tengibyggingu yfir í mhl. 01 með sameiginlegu anddyri fyrir bæði húsin og innrétta fjögur, tveggja manna herbergi í gistað í flokki II, teg. C í nýja húsinu, þannig að samtals verða sjö herbergi fyrir 14 gesti á lóð nr. 13 við Smiðjustíg.
Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlits dags. 28. desember 2022, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags, 12. desember 2022, minnisblað með geislunarútreikningum frá Brunahönnun slf., dags. 9. júlí 2021, greinargerð aðalhönnuðar merkt 12-20-026 útg. 001 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. október 2021. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2023 fylgir erindi.
Stækkun: xx ferm., ss rúmm.
Eftir stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
40. Snorrabraut 54 - USK23040083 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060664, þ.e. færa og breyta tæknirýmum og inntökum í matshluta nr. 02, í húsi á lóð nr. 54 við Snorrabraut.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

41. Snorrabraut 56 - USK23030200 Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi 2. hæðar atvinnuhúsnæðis, þ.e. í stað skrifstofu verði innréttað fyrir gistiheimili í flokki IV, teg. gistiskáli fyrir 60 gesti í mhl. 01 á lóð nr. 56 við Snorrabraut.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda áritað á uppdrætti og fundargerð dags. 26. apríl 2023.
Gjald kr.14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
42. Stórhöfði 15 - USK23040005 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi á 4. hæð og tilheyrandi millilofti í áfangaheimili fyrir alls 21 einstakling og koma fyrir hringstiga sem flóttaleið við vesturhlið skrifstofu- og verslunarhúss á lóð nr. 15 við Stórhöfða.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa fyrir notkunarbreytingum dags. 26. nóvember 2019 og yfirlit breytinga á afriti af eldri samþykktum aðaltekningum.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
43. Suðurlandsbraut 34 - USK23030369 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061572, þ.e. færa sorplausn ætluð fyrir íbúa út úr húsi, en setja þess í stað sex djúpgáma í einu setti fyrir 69 íbúðir við norðvesturhlið lóðar og byggja hjólageymslu neðanjarðar í stað ofan á yfirborði lóðar við hús á reit A, matshluta nr. 04 á lóð nr. 34/Ár við Suðurlandsbraut.
Stærð/stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
44. Súðarvogur 46 - USK23030237 Sótt er um leyfi til að bæta við útihurð beint inni aðalrými verkstæðis, fylla uppí hurðargat milli anddyris og verkstæðis, færa til lagnarými og breyta innra skipulagi í eignarhluta 0102 í húsi nr. 46 á lóð nr. 44-48 við Súðarvog.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 28. apríl 2023, mæliblað dags. 15. maí 1962 og hæðarblað.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
45. Tryggvagata 13 - USK23060311 Sótt er um leyfi til að taka innivegg og færa vask og stækka eldhús í veitingastað á lóð nr.13 við Tryggvagötu.
Gjald kr.14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
46. Úlfarsbraut 100 - USK23030253 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058952 vegna lokaúttektar, fella út eldvarnargler við svalir í húsi nr. 100-104 á lóð nr. 100 við Úlfarsbraut.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Fundi slitið kl. 14:35

Nikulás Úlfar Másson

Edda Þórsdóttir
Sigrún Reynisdóttir

Margrét Pálína Cassaro
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir